

Laus störf

Akranes

Sumarafleysing - Sjúkraliðar á HVE

Óskum eftir sjúkraliðum og sjúkraliðanemum til afleysinga á öllum deildum HVE. Um er að ræða vaktavinnu, unnið er ýmist á tví-þrískiptum vöktum og aðra -þriðju hverja helgi. Starfshlutfall er 50-100% eða eftir nán-ara samkomulagi. Boðið er upp á aðlögun með reyndu og frábæru starfsfólki. Við tökum vel á móti nýjum starfsmönnum. *Umsóknarfrestur til 11.03.2024.*

Helstu verkefni og ábyrgð

Á HVE er veitt almenn lyflækninga-, handlækninga, skurð- og svæfinga-, bráða, og öldrunar hjúkrun.

Á HVE er gott að starfa og ríkir sérstaklega hlýr og góður starfsandi þar sem mikið er lagt upp úr góðri teymsivinnu allra starfshópa með fagmennsku, umhyggju og virðingu fyrir skjólstaðingum og fjölskyldum þeirra að leiðarljósi.

Hægt er að sækja um á Akranesi: Lyflækningadeild, handlækningadeild, skurð- og svæfingadeild og Slysa- og Göngudeild

Hægt er að sækja um á legu- og hjúkrunardeildum HVE: Stykkishólmi, Hvammstanga, Búðardal og Hólmavík

Menntunar- og hæfniskröfur

- Súkraliðanám frá viðurkenndri menntastofnun.
- Starfsleyfi landlæknis.
- Reynsla af hjúkrun er kostur.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, áreiðanleiki og jákvætt viðhorf.

Sótt er um starfið rafrænt á starfatorg.is Umsókninni þurfa að fylgja staðfestar upplýsingar um menntun, starfsleyfi og fyrri störf. Staðfestingu á bólusetningum <https://alfred.is/starf/sumarafleysing-sjukralidar-a-hve>

Verkefnastjóri á skipulags- og umhverfissviði

Verkefnastjóri starfar þvert á skipulags- og umhverfissvið og heyrir beint undir sviðsstjóra. Starfið er fjölbreytt með spennandi verkefnum í bæ sem er að byggjast hratt upp.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Útboð á nýframkvæmdum er tengjast fasteignum, gatnakerfi, opnum svæðum og stofnanalóðum.
- Útboð á viðhaldsverkefnum er tengjast fasteignum, gatnakerfi, opnum svæðum og stofnanalóðum.
- Gerð útboðsgagna þar sem það á við hverju sinni.
- Sinnir eftirlitshlutverki varðandi nýframkvæmdir og viðhaldsverkefni
- Leysir af umhverfisstjóra og verkefnastjóra fasteigna eins og við á hverju sinni.
- Annast aðskilin mál þvert á skipulags- og umhverfissvið samkvæmt beiðni sviðsstjóra hverju sinni.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í verkfræði eða tæknifræði
- Þekking og reynsla af cad teikniforritum
- Færni í notkun Microsoft office hugbúnaðar
- Rík þjónustulund, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Jákvætt viðmót og góð samskiptahæfni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

Umsóknarfrestur til 15.03.2024. <https://alfred.is/starf/verkefnastjori-a-skipulags-og-umhverfissvidi-1>

Bílaþjónusta – N1 Akranes

Leitum að kraftmiklum og áreiðanlegum liðsfélögum í hjólbarðþjónustu á þjónustuverkstæði okkar á Akranesi. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Almenn hjólbarðþjónusta

Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla af sambærilegu starfi
- Þjónustulipurð og samskiptahæfni

<https://alfred.is/starf/bilathjonusta-akranes-11>

- Góð íslenskukunnátta

Fríðindi í starfi

- Afsláttarkjör hjá N1, Krónunni og ELKO
- Styrkur til heilsueflingar
- Aðgangur að Velferðarþjónustu N1

Fulltrúi skipulags- og umhverfismála

Fulltrúi vinnur þvert á skipulags- og umhverfissvið og snúa verkefni sérstaklega að skipulags- og byggingarmálum. Starfið er fjölbreytt með spennandi verkefnum í bæ sem er að byggjast hratt upp.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Aðstoðar skipulagsfulltrúa við undirbúning skipulagsverkefna og umsókna.
- Aðstoðar skipulagsfulltrúa við stjórnslu er lýtur að skipulagsmálum þ.m.t. auglýsingar, samskipti við Skipulagsstofnun, grenndarkynningar o.s.frv.
- Undirbýr og gengur frá fundum skipulags- og umhverfisráðs og annast fundarritun í samvinnu við sviðsstjóra.
- Annast aðskilin mál þvert á sviðið skv. beiðni sviðsstjóra og skipulagsfulltrúa hverju sinni.
- Sér um að og birta upplýsingar um skipulags- og byggingarmál á heimasíðu.
- Önnur verkefni sem honum eru falinn af skipulagsfulltrúa/sviðsstjóra.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærilegt nám.
- Menntun og reynsla af skipulagsmálum æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta er nauðsynleg, þekking á GIS landupplýsingakerfum er kostur.
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Jákvætt viðhorf, samstarfsvilji og samskiptafærni
- Umbótahugsun og metnaður til að ná árangri í starfi m.t.t. verkefna.
- Góð íslenskukunnátta bæði í ræðu og riti.
- Önnur tungumálakunnátta er kostur

Umsóknarfrestur til 15.03.2024. <https://alfred.is/starf/fulltrui-skipulags-og-umhverfismala>

Fjölbreytt sumarstörf

COWI leitar að öflugum og framsýnum háskólanemum til að starfa með okkur í sumar. Við leggjum áherslu á að bjóða upp á lærdómsríkt vinnuumhverfi þar sem nemendur fá tækifæri á að taka virkan þátt í krefjandi verkefnum á flestum sviðum verkfræði, sjálfbærni og tæknivísinda. Við hvetjum öll áhugasöm sem stunda háskólanám á fyrrnefndum sviðum til þess að sækja um. Ráðið verður í fjölbreytt störf, í flestum landshlutum.

Fríðindi í starfi

- Niðurgreiddur matur í mötuneyti.
- Öflugt starfsmannafélag.
- Samgöngustyrkur.
- Líkamsræktar- og sturtuaðstöðu.
- Bootcamp-æfingar tvisvar í viku, skokkhóp og margt fleira.

Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál og er öllum umsóknum svarað.

Með umsókn skal fylgja ferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem fram kemur áhugasvið og væntingar til starfsins. Athugið að ef þú hefur nú þegar sent inn umsókn um sumarstarf hjá Mannviti er óþarfi að senda inn aftur. Allar nánari upplýsingar veitir Breki Bjarnason, brbja@cowi.com, mannauðssérfræðingur.

Umsóknarfrestur til 04.03.2024. <https://alfred.is/starf/fjoelbreytt-sumarstoerf-27>

Akranes - sumar 2024

Vínbúðin Akranesi óskar eftir starfsfólki í sumarafleysingar. Við leitum að jákvæðum, glaðlyndum og þjónustuliprum einstaklingum sem eru tilbúnir að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Jákvæðni og góð þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur

Starfshlutfall er breytilegt eftir þörfum. Umsækjandi skal hafa náð 20 ára aldri. Sakavottorðs er krafist. Öll áhugasöm eru hvött til að sækja um á vinbudin.is. Nánari upplýsingar veitir Harpa Sif Práinsdóttir – akranes@vinbudin.is – 560-7861. Umsóknarfrestur til 11.03.2024. <https://alfred.is/starf/akranes-sumar-2024>

Sumarstarf í þjónustuveri á Akranesi

Fjölbreytt og skemmtilegt starf. Ritari leitar eftir jákvæðum og drifandi einstaklingum í afleysingu í þjónustuveri hjá fyrirtækinu á Akranesi í sumar. Í starfinu felst þjónusta við fjölda fyrirtækja og viðskiptavina. Það er í formi símsvörunar, bókana, úthringinga, og annarra tilfallandi verkefna. Mjög fjölbreytt starf í skemmtilegu umhverfi. Leitað er eftir starfsmönnum í 60-100% stöðu bæði á dagvinnutíma milli kl. 8:00 og 18:00 og á tilfallandi kvöld og helgarvaktir. Ritari býður upp á heildarlausnir í skrifstofurekstri. Við leitumst við að aðstoða fyrirtæki og rekstraraðila við að ná fram hagræðingu og hagkvæmni í rekstri. Við leggjum áherslu á góða persónulega þjónustu, gagnkvæmt traust og góð samskipti. Við sérhæfum okkur á sviði ritaraþjónustu, símsvörunar, úthringinga og bókhaldsþjónustu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Símsvörun
- Tímabókanir
- Skráningarvinna
- Úthringingar
- Tilfallandi ritarastörf

Menntunar- og hæfniskröfur

- Góð íslenskukunnátta bæði í ritun og tali
- Góð enskukunnátta bæði í ritun og tali
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Rík þjónustulund
- Dugnaður, frumkvæði og jákvæðni.

<https://alfred.is/starf/sumarstarf-i-thjonustuveri-ritara-a-akranesi>

Sumarstarf í búsetuþjónustu fatlaðs fólks

Akraneskaupstaður auglýsir laus til umsóknar störf í sumarafleysingu í búsetuþjónustu fatlaðs fólks á Akranesi. Um er að ræða fjölbreytt afleysingastörf yfir sumartímamann í tveimur búsetukjörnum sem þjónusta fatlað fólk á heimili sínu. Búsetuþjónustan sér um að veita fólki með langvarandi stuðningsþarfir aðstoð og stuðning til sjálfstæðs heimilishalds og félagslegrar þátttöku í samfélaginu. Búsetuþjónustan vinnur eftir hugmyndafræði um valdeflingu og þjónandi leiðsögn. Starfsmenn þurfa að tileinka sér þessa hugmyndafræði og vinna eftir henni. Æskilegt er að starfsmaður geti unnið samfellt yfir sumartímamann frá miðjum maí til miðjan ágúst.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Stuðningur við íbúa í þeirra daglega lífi í samræmi við ríkjandi hugmyndafræði búsetunnar og eftir þeim verklögum sem starfshópur vinnur eftir hverju sinni
- Hvatning og stuðningur við íbúa til sjálfshjálpar og félagslegrar virkni
- Félagslegur og heilsufarslegur stuðningur við íbúa
- Í starfinu felst allt daglegt heimilishald svo sem matseld, þrif, þvottur o.s.frv.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Góð almenn menntun
- Íslenskukunnátta er skilyrði
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Ökuréttindi og vilji til að keyra þar sem þjónustuþegi ferðast

- Reynsla af starfi með fötluðu fólki æskileg
- Reynsla af starfi með fólki með einverfu æskileg
- Reynsla og þekking á starfi með fólki með geðræna erfiðleika æskileg
- Reynsla af störfum með fólki sem sýnir erfiða hegðun æskileg
- Jákvæðni, frumkvæði, skipulagshæfni, sveigjanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Að virðing sé höfð að leiðarljósi í samskiptum við þjónustuþega, aðstandendur og samstarfsfélaga
- Stundvísi, samviskusemi og jákvætt viðhorf
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög og reglur Akraneskaupstaðar
- Viðkomandi þarf að vera líkamlega hraustur
- Æskilegt er að viðkomandi sé 20 ára eða eldri

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Athygli er vakin á því að starfið hentar öllum kynjum. Athygli umsækjenda er vakin á því að hægt er að senda fyrirspurnir um starfið með skilaboðum inni í alfreð-appinu. Umsóknarfrestur til 10.03.2024.

<https://alfred.is/starf/sumarstarf-i-busetuthjonustu-fatlads-folks>

Fagaðili í farsældar- og barnaverndarþjónustu

Velferðar- og mannréttindasvið Akraneskaupstaðar auglýsir stöðu fagaðila í samþætta farsældar- og barnaverndarþjónustu. Um er að ræða 100% tímabundna stöðu til eins árs. Leitað er eftir fagaðila með menntun sem nýtist í starfi á borð við félagsráðgjafa, sálfræðinga eða þroskaþjálfara. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á allri almennri vinnslu barnaverndarmála.
- Greining á þjónustubörfum barns og fjölskyldu þess.
- Veita ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns.
- Bera ábyrgð á málstjórn í stuðningsteymum þar með talið ráðgjöf og upplýsingar um samþættingu þjónustu.
- Bakvaktir í barnavernd skv. samningi þar um.
- Gerð og eftirfylgd stuðningsáætlana og mat á árangri.
- Teymisvinna og samstarf við lykilstofnanir og hagsmunasamtök í málefnum barna.
- Þátttaka í þverfaglegu samstarfi innan sveitarfélagsins og utan þess.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Víðtæk þekking og reynsla af þjónustu við börn og fjölskyldur.
- Þekking og reynsla af vinnslu barnaverndarmála.
- Þekking á lagaumhverfi og stjórnástandi sveitarfélaga og ríkis er kostur.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og lausnamiðuð viðhorf.
- Metnaður, frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Íslenskukunnátta (B2 samkvæmt samevrópskum tungumálaramma).
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög og reglur.

Athygli er vakin á því að starfið hentar öllum kynjum og eru öll hvött til að sækja um. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til 15. mars 2024. Nánari upplýsingar veitir Sólveig Sigurðardóttir, deildarstjóri farsældarþjónustu barna solveigs@akranes.is eða Hildigunnur Árnadóttir, sviðsstjóri verlfarðar- og mannréttindasviðs hildigunnur@akranes.is eða í síma 433-1000. <https://alfred.is/starf/fagadili-i-farsaeldar-og-barna-verndarthjonustu>

Starfsmaður í afleysingar - íþróttamiðstöðin Jaðarsbökkum

Akraneskaupsstaður auglýsir eftir starfsmanni til starfa í íþróttamannvirkjum, í tímabundna stöðu. Starfið gegnir mikilvægu hlutverki í þjónustu við börn og fullorðna. Áhersla er lögð á góða samskiptahæfni, sveigjanleika og þjónustulund. Starfsmaður þarf að sinna gæslu í sundlaug og klefum. Viðkomandi þarf að vera 18 ára eða eldri. Möguleiki er að halda áfram vinnu í sumar og einnig sem tímastarfsmaður áfram að afleysingu lokinni. Starfið hentar vel með skóla og/eða sem hlutastarf.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Sundlaugargæsla
- Aðstoð við skólabörn, fyrir og eftir kennslu
- Almenn afgangsla
- Almenn þrif í mannvirkjunum
- Taka á móti, leysa úr og/eða koma áfram þeim ábendingum sem berast frá viðskiptavinum.

- Stundvísi, jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af þjónustustörfum kostur
- Menntun sem nýtist í starfi
- Góð íslensku kunnátta
- Umsækjandi þarf að fara á námskeið í skyndihjálpi
- Umsækjandi þarf að standast hæfnispróf sunnstaða

Menntunar- og hæfniskröfur

Áður en ráðið er í starfið þarf umsækjandi að skila inn hreinu sakavottorði og standast hæfnispróf sunnstaða. Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga annars vegar og við Verkalýðsfélag Akraness eða Sameyki hinsvegar. Umsóknarfrestur til 10.03.2024. <https://alfred.is/starf/starfsmadur-i-afleysingar-ithrottamidstoedin-jadarsboekkom>

Tæknimaður/verkamaður Vesturlandi

Telnet óskar eftir að ráða öfluga aðila í starf sem felst í uppsetningu á búnaði tengdum fjarskiptum og ljósleiðara. Kennsla og námskeið fyrir réttan aðila og því gæti þetta hentað mörgum. Rafiðnmenntun er kostur en ekki nauðsyn. vinnusvæðið getur verið allt vesturland en aðallega á Akranesi og í Borgarnesi. Það er skemmilegur hópur sem vinnur hjá Telnet og störfin geta verið mjög fjölbreytt.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Góð samskiptahæfni
- sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Reglusemi og jákvætt hugarfar
- Reynsla og áhugi á tæknimálum er kostur
- Bílpróf
- Talað og skilið íslensku

Umsóknir sendast á gummi@telnet.is einnig er hægt að hafa samband í síma 8922000 (Gummi) til að fá betri upplýsingar um starfið. Umsóknarfrestur til 05.03.2024. <https://alfred.is/starf/taeknimadur-verkamadur-vesturlandi-2>

Flokkstjóri Vinnuskóla Akraneskaupstaðar

Auglýst er eftir flokkstjórum í Vinnuskólann á Akranesi, sumarið 2024. Flokkstjórar stýra hópum unglunga 14-17 ára við ýmis garðyrkjustörf og fræðslu, auk annarra verkefna og þjónustu sem Vinnuskólinn veitir. Vinnuskólinn er bæði vinna og skóli, félagslega skapandi vinnustaður, með kennslu í almennri vinnuskólavinnu og skýrar reglur varðandi vinnuumhverfi. Vinnuskólinn starfar við öll almenn verkefni sem lúta að umhirðu og snyrtingu byggðalagsins. Markmið vinnuskólans er að gefa unglingum kost á sumarstörfum í umhverfi sem einkennist af fræðslu, kennslu, þjálfun og tólmstundum. Lögð er áhersla á samskiptareglur, ástundun og vinnusemi og virðingu gagnvart vinnu, samstarfsfólki og bæjarbúum. Einnig eru grundvallaratriði í vinnubrögðum kynnt og notkun verkfæra.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Almenn garðyrkjustörf í bæjarlandinu.
- Leiðseggja og vinna með unglingum.
- Skipuleggja verkaskiptingu og framkvæmd verkefna innan hóps.
- Efla liðsheild og vinnuvirðingu meðal nemenda vinnuskólans.
- Annast ýmis skapandi verkefni og fræðslu á vegum vinnuskólans.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Umsækjandi þarf að vera 20 ára eða eldri.
- Reynsla af störfum með unglingum er kostur.
- Gott er að hafa mikla samskiptahæfni og skipulagsfærni.
- Umsækjandi þarf að vera góð fyrirmynd og samviskusamur.
- Áhugi á umhverfismálum þarf að vera til staðar.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Verkalýðsfélag Akraness eða Sameyki. Nánari upplýsingar gefur Jón Arnar Sverrisson, garðyrkjustjóri. S: 8983490. Umsóknarfrestur til 18.03.2024. <https://alfred.is/starf/flokkstjori-vinnuskola-akraneskaupstadar-5>

Hönnuður á húseiningasvið

BM Vallá leitar að öflugum starfsfólki í hönnunarteymi húseiningasviðs fyrirtækisins, þar sem forsteyptar Smellinn húseiningar eru framleiddar og hannaðar. Um er að ræða spennandi starfstækifæri fyrir rétta aðila í skemmtilegu og dýnamísku umhverfi. Starfstöðvar geta verið staðsettar á Breiðhöfða 3, 110 Reykjavík eða á Höfðaseli 4, Akranesi. Um er að ræða 100% framtíðarstarf en skilgreindur vinnutími er frá kl. 8-16 eða samkvæmt samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Verkefnastjórnun einingaverkefna og samskipti við viðskiptavini.
- Vinna við hönnun forsteyptra eininga og gerð verkeikninga fyrir framleiðsludeild.
- Þátttaka í gerð burðavirkisteikninga.
- Önnur tilfallandi verkefni í tækni- og hönnunardeild.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun í byggingafræði, iðnfræði, tæknifræði eða sambærileg menntun/reynsla
- Kunnátta og reynsla af tölvuteikningu í Autocad og Revit nauðsynleg
- Reynsla af gerð verkeikninga og byggingavinnu er kostur
- Mjög góð tölvukunnátta
- Jákvæðni og framúrskarandi lipurð í samskiptum
- Þjónustulund, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

Umsóknir óskast rafrænt í gegnum Alfreð fyrir 17.mars. <https://alfred.is/starf/hoennudur-i-huseiningadeild-3>

Tæknimaður-PLC sérfræðingur

Við leitum að árangursdrifnum og lausnamiðuðum tæknimanni til styrktar þjónustustigs Baader/Skaginn 3X á Íslandi með sérfræðiþekkingu í PLC og tilheyrandi hugbúnaði. Verkefni eru fjölbreytt og unnin í nánu samstarfi við viðskiptavinum fyrirtækjanna. Tæknimaðurinn verður hluti af þjónustutryggingu Baader/Skaginn 3X.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Fjarþjónusta
- Fyrirbyggjandi viðhald á vélum viðskiptavina.
- Preventive maintenance of customer machines.
- Þjónustuskóðanir á vélum.
- Þátttaka stöku sinnum í uppsetningum/innleiðingum á vélum, tækjabúnaði og tæknilausnum.
- Kennsla og þjálfun í notkun véla.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Mikil reynsla í iðnstýringum og tilheyrandi hugbúnaði.
- Rafmagnsverkfræðingur, rafvirki eða iðnréttindi sem nýtast í starfi.

- Reynsla af fyrirbyggjandi viðhaldi og bilanagreiningu.
- Reynsla af iðstýrðum véltækibúnaði.
- Sjálfstæði, skipulagshæfni og drifandi í að ná settum markmiðum félaganna.
- Íslenska og enska í töluðu og rituðu máli.

Fríðindi í starfi

- Sveigjanlegur vinnutími.
- Tækifæri til þess að þróast og læra nýja hluti.
- Jákvætt vinnuumhverfi og öflugur starfsandi.
- Skemmtilegir vinnufélagar og drifandi starfsmannafélag.

Umsóknarfrestur til 10.03.2024. <https://alfred.is/starf/taeknimadur-plc-serfraedingur>

Verkstjóri Vinnuskóla Akraneskaupstaðar

Auglýst er eftir verkstjóra í Vinnuskólann á Akranesi fyrir sumarið 2024. Verkstjóri sér um daglegan rekstur Vinnuskólans og er tengiliður milli flokkstjóra. Vinnuskólinn er bæði vinna og skóli, félagslega skapandi vinnustaður, með kennslu í almennri vinnuskólavinnu og skýrar reglur varðandi vinnuumhverfi. Vinnuskólinn starfar við öll almenn verkefni sem lúta að umhirðu og snyrtingu byggðalagsins. Markmið vinnuskólans er að gefa unglingum kost á sumarstörfum í umhverfi sem einkennist af fræðslu, kennslu, þjálfun og tólmstundum. Lögð er áhersla á samskiptareglur, ástundun og vinnusemi og virðingu gagnvart vinnu, samstarfsfólki og bæjarbúum. Einnig eru grundvallaratriði í vinnubrögðum kynnt og notkun verkfæra.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Almenn garðyrkjustörf í bæjarlandinu.
- Umsjón með daglegum rekstri.
- Koma vinnu og verkefnum af stað og hafa yfirlit yfir verkefnastöðu.
- Halda utan um vinnutíma og skrár.
- Vera virkur tengiliður og upplýsingafulltrúi.
- Efla liðsheid og vinnuvirðingu meðal starfsmanna Vinnuskólans.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Umsækjandi þarf að vera 24 ára eða eldri.
- Reynsla af störfum með unglingum er kostur.
- Gott er að hafa mikla samskiptahæfni og skipulagshæfni.
- Umsækjandi þarf að vera góð fyrirmynd og samviskusamur.
- Áhugi á umhverfismálum þarf að vera til staðar.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Verkalýðsfélag Akraness eða Sameyki. Nánari upplýsingar gefur Jón Arnar Sverrisson, garðyrkjustjóri. S: 8983490 Umsóknarfrestur til 19.03.2024. <https://alfred.is/starf/verkstjori-vinnuskola-akraneskaupstadar>

Sumarstarfsfólk í garðyrkjudeild

Um er að ræða sumarstörf í grænan flokk garðyrkjudeildar Akraneskaupstaðar, sem garðyrkjustjóri leiðir.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Vinna við ýmis garðyrkjustörf, almenna umhirðu og framkvæmdir á opnum svæðum í bæjarlandinu.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Áhugi á garðyrkju og umhverfismálum.
- Góð samskiptahæfni og skipulagshæfni.
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Starfið miðast við 18 - 20 ára +.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Verkalýðsfélag Akraness eða Sameyki. Nánari upplýsingar gefur Jón Arnar Sverrisson, garðyrkjustjóri. S: 8983490. Umsóknarfrestur til 18.03.2024. <https://alfred.is/starf/sumarstarfsfolk-i-gardyrkjudeild-3>

Hvalfjarðarsveit

Spennandi sumarstörf í framleiðslu

Við leitum að metnaðarfullu og ábyrgu fólki í fjölbreytt sumarstörf í ker- og steypuskála og í skautsmiðju. Störfin henta öllum kynjum. Skilyrði er að viðkomandi hafi náð 18 ára aldri og hafi gild ökuréttindi. Unnið er á þrískiptum 8 tíma vöktum í kerskála og steypuskála (fimm daga vinna/fimm daga frí) og 12 tíma vaktir í skautsmiðju. Starfsfólki bjóðast ferðir til og frá Akranesi, Borgarnesi og af höfuðborgarsvæðinu. Sumarstarfsfólk fer í markvissa þjálfun í upphafi starfstíma, þar sem höfuðáhersla er lögð á öryggi starfsfólks á vinnustað og þekkingu á vinnuumhverfi og tækjabúnaði. Norðurál leggur áherslu á heilsusamlegt, öruggt og ánægjulegt starfsumhverfi og góðan starfsanda.

Menntunar- og hæfniskröfur

- 18 ára lágmarksaldur
- Mikil öryggisvitund og árvekni
- Heiðarleiki og stundvísi
- Góð samskiptahæfni
- Dugnaður og sjálfstæði

- Bílpróf er skilyrði

Fríðindi í starfi

- Ferðir til og frá Akranesi, Borgarnesi og af höfuðborgarsvæðinu
- Vinnuvélaréttindi

Norðurál á Grundartanga er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Norðurál vill stuðla að jöfnu hlutfalli kynjanna innan fyrirtækisins og jöfnum tækifærum til starfsþróunar. Norðurál er jafnlaunavottað fyrirtæki og handhafi gullmerkis PWC. Sótt er um sumarstörf á www.nordural.is. Við hvetjum áhugasöm til að sækja um sem fyrst. Nánari upplýsingar í síma 430-1000 eða á mannaudur@nordural.is. Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. <https://alfred.is/starf/spennandi-sumarstoerf-i-framleidslu-2>

Sumarstörf hjá Hvalfjarðarsveit

Hvalfjarðarsveit óskar eftir að ráða í eftirfarandi sumarstörf sumarið 2024.

Umsjónaraðili Vinnuskóla.

- Um er að ræða starf frá 23. maí til 16. ágúst.
- Umsækjendur skulu vera 20 ára eða eldri.

Flokkstjóri Vinnuskóla.

- Um er að ræða starf frá 23. maí til 16. ágúst.
- Umsækjendur skulu vera 18 ára eða eldri.

Vinnuskólinn er bæði vinna og skóli, félagslega skapandi vinnustaður, með kennslu í almennri vinnuskólavinnu og skýrar reglur varðandi vinnuumhverfi. Vinnuskólinn starfar við öll almenn verkefni sem lúta að umhirðu og snyrtingu sveitarfélagsins. Umsóknarfrestur er til og með 29. febrúar nk. Umsóknareyðublöð eru aðgengileg á vef Hvalfjarðarsveitar. Upplýsingar um störf gefur Ása Líndal frístunda – og menningarfulltrúi í síma 433-8500 eða á netfangið fristund@hvalfjardarsveit.is

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ber daglega ábyrgð og yfirumsjón á skipulagningu og starfsemi Vinnuskólans í samstarfi við frístunda- og menningarfulltrúa.
- Hefur samskipti við forráðamenn og viðeigandi stofnanir.
- Vinnur markvist að því að efla liðsheild í hópnum.
- Leiðbeinir um verklag og aðferðir, hefur eftirlit með að vel og rétt sé unnið.
- Umsjónaraðili og flokkstjóri taka þátt í þeim verkum sem hópurinn sinnir dags daglega.
- Ber ábyrgð á að skila tímaskýrslum nemenda, vinnuseðlum og verkbeiðnum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Áhugi á að vinna með unglíngum er skilyrði.
- Reynsla af stjórnun og vinnu með ungu fólki er æskileg.
- Sé hæfur til að vera unglíngum fyrirmynd er varðar heilbrigðan lífsstíl, stundvísi og tillitsemi.
- Hafa góða færni í samskiptum og hæfni til að stýra fólki
- Leiðbeinir um verklag og aðferðir, hefur eftirlit með að vel og rétt sé unnið
- Umsækjendur þurfa að hafa bílpróf og hreint saka-vottorð.

Allir umsækjendur þurf að gefa leyfi fyrir að upplýsinga um þá sé aflað úr sakaskrá, sbr. 10. gr. laga nr. 70/2007. Umsóknarfrestur er til og með 29. febrúar nk. Umsóknareyðublöð eru aðgengileg á vef Hvalfjarðarsveitar. Upplýsingar um störf gefur Ása Líndal frístunda – og menningarfulltrúi í síma 433-8500 eða á netfangið fristund@hvalfjardarsveit.is <https://alfred.is/starf/sumarstoerf-hja-hvalfjardarsveit-1>

Leikskólakennari / leiðbeinandi óskast til starfa

Leikskólakennara/leiðbeinanda vantar í 100% stöðu sem fyrst fram til 5. júlí 2024.

Helstu verkefni og ábyrgð: Skýjaborg er tveggja deilda leikskóli í Melahverfi með allt að 40 börn. Í Skýjaborg gefst tækifæri til að takast á við fjölbreytt og skemmtileg verkefni sem tengjast þróun leikskólastarfs, samvinnu við Heiðarskóla og fleiri stofnanir.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf til kennslu
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum æskileg
- Góðir skipulagshæfileikar
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta
- Ef ekki fást leikskólakennarar verður litið til menntunar og reynslu.

Fríðindi í starfi: Hvalfjarðarsveit veitir starfsfólki sínu styrk til náms í leikskólakennarafræðum og leikskóla-liðanámi. Í Skýjaborg er stytting vinnuvikunnar með 7 klst. vinnudag / 35 stunda vinnuviku (miðað við 100% vinnu) og er afleysing í húsi fyrir styttingunni. Nánari upplýsingar um starfið veitir leikskólastjóri, Eyrún Jóna Reynisdóttir, í síma 433 8530 / 892 5510 og á netfangi. Umsóknarfrestur er til 29. febrúar og skal umsókn ásamt starfsferilskrá skilað í tölvupósti til leikskólastjóra á netfangið: eyrun@hvalfjardarsveit.is. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

<https://alfred.is/starf/leikskolakennari-leidbeinandi-oskast-til-starfa-1>

Spennandi vélvirkja- og rafvirkjasumarstörf

Við leitum að vélvirkjum og rafvirkjum til starfa hjá fyrirtækinu næsta sumar. Nemar eru einnig velkomnir. Skilyrði er að viðkomandi hafi náð 18 ára aldri og hafi gild ökuréttindi. Störfin eru í dagvinnu og henta öllum kynjum. Starfsfólki bjóðast ferðir til og frá Akranesi, Borgarnesi og af höfuðborgarsvæðinu. Sumarstarfsfólk fer í markvissa þjálfun í upphafi starfstíma, þar sem höfuðáhersla er lögð á öryggi starfsfólks á vinnustað og þekkingu á vinnuumhverfi og tækjabúnaði. Norðurál leggur áherslu á heilsusamlegt, öruggt og ánægjulegt starfsumhverfi og góðan starfsanda.

Menntunar- og hæfniskröfur

- 18 ára lágmarksaldur
- Mikil öryggisvitund og árvekni
- Heiðarleiki og stundvísi
- Góð samskiptahæfni
- Dugnaður og sjálfstæði
- Bílpróf er skilyrði
- Grunndeild iðnaðar lokið eða a.m.k. 80 einingum í námi lokið

Fríðindi í starfi

- Ferðir til og frá Akranesi, Borgarnesi og af höfuðborgarsvæðinu
- Vinnuvélaréttindi

Norðurál á Grundartanga er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Norðurál vill stuðla að jöfnu hlutfalli kynjanna innan fyrirtækisins og jöfnum tækifærum til starfsþróunar. Norðurál er jafnlaunavottað fyrirtæki og handhafi gullmerkis PWC. Sótt er um sumarstörf á www.nordural.is. Við hvetjum áhugasöm til að sækja um sem fyrst. Nánari upplýsingar í síma 430-1000 eða á mannaudur@nordural.is. Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. <https://alfred.is/starf/spennandi-velvirkja-og-rafvirkjasumarstoerf-2>



Viltu vera hluti af góðri liðsheild?

Faxaflóahafnir sf. leita eftir afleysingafólki til starfa í sumar við hafnargæslu á vinnusvæði okkar við Grundartanga.

Faxaflóahafnir er stærsta höfn landsins þar sem starfa um 80 manns og er umráðasvæði hennar í Reykjavík, Akranesi, Grundartanga og Borgarnesi. Fyrirtækið leggur áherslu á að vera leiðandi í umhverfis- og öryggismálum auk þess að vera í vegferð að þróa snjallar og grænar hafnir.

Sumarafleysingar á Grundartanga

Helstu viðfangsefni starfsins eru

- Hliðvarsla, aðgangsstýring og öryggisgæsla á afgirtu svæði hafnarinnar.
- Umsjón með farmverndarskjólum og skráningu á flutningi.
- Eftirfylgni með ástandi verndarbúnaðar er heyrir undir hafnargæslu á svæðinu.
- Færslu dagbókar og önnur tilfallandi verkefni.

Unnið er samkvæmt fyrirliggjandi vaktaplani á 8 tíma vöktum í senn allan sólarhringinn.

Upplýsingar um starfið veitir Jón Þórir Sveinsson öryggisstjóri, jonthorir@faxafloahafnir.is. Áhugasamir, bæði konur og karlar, eru hvött til að senda upplýsingar um sig til Faxaflóahafna sf. á póstfangið sumarstarf@faxafloahafnir.is

Frekari upplýsingar um starfsemina er hægt að nálgast á heimasíðu hafnarinnar

faxafloahafnir.is



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

Borgarbyggð

Sumarstörf við sundlaugar Borgarbyggðar

- Starfsmaður óskast við sundlauginu í Borgarnesi frá 30. maí til 31. ágúst 2024. Um er að ræða 100% starf þar sem unnið er í vaktavinnu og unnið þriðja hver helgi.
- Starfsmaður óskast við sundlauginu á Kleppjárnsreykjum frá 8. júní til 18. ágúst 2024. Um er að ræða 100% starf þar sem unnið er í vaktavinnu.
- Starfsmaður óskast við sundlauginu á Varmalandi frá 8. júní til 18. ágúst 2024. Um er að ræða 100% starf þar sem unnið er í vaktavinnu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Öryggisgæsla og eftirlit.
- Afgreiðsla og aðstoð við viðskiptavinum.
- Þrif.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðkomandi þarf að hafa náð 18 ára aldri.

- Gerð er krafa að viðkomandi standist hæfnispróf samkvæmt reglugerðar nr. 814/2010 um hollustu-hætti á sund- og baðstöðum.
- Góð þjónustulund og lipurð í samskiptum.
- Hreint sakavottorð.

Launakjör samkvæmt gildandi samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við Kjöl eða viðkomandi stéttarfélag. Umsókn skal fylgja starfsferilskrá með umsagnaraðilum og kynningarbréf. Vinnutími: Vaktavinna. Starfshlutfall: 100% tímabundið starf. Starfssvið: Fjölskyldusvið. *Umsóknarfrestur er til og með: 10. mars 2024.* Öllum umsóknum verður svarað. Nánari upplýsingar veitir Ingunn Jóhannesdóttir forstöðumaður í-þróttamannvirkja Borgarbyggðar, netfang: ingunn.johannesdottir@borgarbyggd.is <https://alfred.is/starf/sumarstoerf-vid-sundlaugar-borgarbyggdar-6>

Skólastjóri við Grunnskólann í Borgarnesi

Borgarbyggð óskar eftir að ráða skólastjóra í Grunnskólann í Borgarnesi. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum til að stýra framsæknum skóla í ört stækkandi sveitarfélagi. Mikilvægt er að viðkomandi hafi víðtæka þekkingu á skólastarfi, framsækna skólasýn og er tilbúinn að leiða skólann inn í framtíðina. Í Borgarbyggð eru tveir grunnskólar, fjórir leikskólar og tónlistarskóli. Grunnskólinn í Borgarnesi er 300 nemenda heilsuefandi grunnskóli. Við skólann starfa um 60 metnaðarfullt starfsfólk sem leggur áherslu á að skapa námsumhverfi þar sem allir eru virkir, öllum líði vel og allir læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Gildi skólans er sjálfstæði, ábyrgð, virðing og samhugur.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans.
- Fagleg forysta skólans
- Mótun framtíðarstefnu skólans innan ramma laga og reglugerða, í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og skólustefnu Borgarbyggðar.
- Ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Stuðla að velferð og vellíðan nemenda og starfsfólks.
- Leiða samstarf við aðila skólasamfélagsins.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf kennara og farsæl kennslureynsla í grunnskóla

- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða uppeldis- og menntunarfræða æskileg
- Farsæl reynsla af stjórnun og faglegri forystu í skólastarfi
- Árangursrík reynsla af rekstri og gerð fjárhagsáætlana er æskileg
- Leiðtogafærni, frumkvæði og geta til að vinna sjálfstætt
- Þjónustulund og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni og góð yfirsýn
- Góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, á íslensku og ensku

Ráðið er í stöðuna frá 1. ágúst 2024 eða eftir nánara samkomulagi. Áhugasamir einstaklingar af öllum kynjum eru hvattir til að sækja um. Launakjör eru samkvæmt gildandi samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. *Umsóknarfrestur er til og með 4. mars 2024.* Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá, leyfisbréf til að nota starfsheitið kennari og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar, rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið ásamt framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfi í Borgarbyggð. Nánari upplýsingar um starfið veitir Elín Dögg Ómardóttir ráðgjafi Hagvangs, elin@hagvangur.is <https://alfred.is/starf/skolastjori-vid-grunnskolan-i-borgarnesi>

Sumarstörf í áhaldahúsi

Borgarbyggð auglýsir laus til umsókna sumarstörf í Áhaldahúsi sumarið 2024. Umsækjendur skulu vera 18 ára eða eldri. Um er að ræða tímabundið starf í 2 - 4 mánuði frá maí - ágúst. Næsti yfirmaður er verkstjóri Áhaldahúss.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Starfið felst í vinnu undir stjórn verkstjóra áhaldahússins við slátt, umhirðuverkefni á opnum svæðum, almennt viðhald og ýmsar verklegar framkvæmdir á vegum áhaldahúss.

- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Skilyrði er að starfsmaður hafi náð 18 ára aldri
- Skilyrði er að starfsmaður hafi ökuréttindi
- Vinnuvélaréttindi eru æskileg en ekki skilyrði
- Jákvæðni, frumkvæði, áhugi og metnaður

Menntunar- og hæfniskröfur

Áhugasamir einstaklingar, án tillit til kyns eru hvattir til að sækja um. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands Íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Umsókn skal fylgja starfsferilskrá með umsagnaraðilum og kynningarbréf. Vinnutími: Dagvinna Starfshlutfall: 100% tímabundið starf. Starfstímabil: frá 1. maí til 31. ágúst 2024 eða eftir samkomulagi. Starfssvið: Skipulags- og umhverfissvið. *Umsóknarfrestur er til og með: 15. mars 2024.* Nánari upplýsingar veitir Ámundi Sigurðsson verkstjóri í síma 892-5678 eða á netfangið amundi@borgarbyggd.is <https://alfred.is/starf/sumarstoerf-i-ahaldahusi-3>

Spennandi sumarstarf í búsetuþjónustu

Stuðningsfulltrúi óskast í sumarstarf hjá búsetuþjónustu Borgarbyggðar í 100% starfshlutfall. Skemmtilegt starf fyrir fólk sem elskar að vinna með fólki. Unnið er á fjölbreyttum vöktum. Áætlað ráðningatímabil er frá 15. maí til 31. ágúst 2024.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Leiðbeinir íbúum og aðstoðar þá við athafnir daglegs lífs, heimilishald og dagleg verkefni eftir því sem við á og þörf krefur
- Sinnir umönnun og er vakandi yfir andlegri og líkamlegri líðan íbúa og aðstoðar þá varðandi félagslega og heilsufarslega þætti
- Stuðlar að jákvæðum samskiptum við íbúa og annað samstarfsfólk
- Veitir félagslegan stuðning í fjölbreyttum aðstæðum

- Styður íbúa til þátttöku í samfélaginu á eigin forsendum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Góð almenn menntun
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni til að sýna umhyggju, skilning, virðingu og þolinmæði
- Íslenskukunnátta á stigi B1 samkvæmt evrópska tungumálarammanum er skilyrði
- Ökuréttindi B
- Hreint sakavottorð

Launakjör samkvæmt gildandi samningum Sambands Íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Umsókn skal fylgja starfsferilskrá með umsagnaraðilum og kynningarbréf. Vinnutími: Vaktavinna. Starfshlutfall: 100% tímabundið starf. Starfssvið: Fjölskyldusvið. Umsóknarfrestur er til og með: 10.03.2024. Öllum umsóknum verður svarað. Frekari upplýsingar veitir Ingunn Alexandersdóttir, forstöðumaður í síma 8939280 eða á netfanginu: ingunn.alexandersdottir@borgarbyggd.is <https://alfred.is/starf/spennandi-sumarstarf-i-busetuthjonustu>

Sumarstörf á landsbyggðinni – Arion banki Borgarnesi

Við leitum að metnaðarfullu og jákvæðu fólki til að starfa með okkur í útibúum okkar á landsbyggðinni í sumar. Við viljum fá til liðs við okkur öfluga einstaklinga sem hafa áhuga á að starfa í krefjandi og skemmtilegu umhverfi.

Hæfni og eiginleikar:

- Framúrskarandi þjónustulund og góðir samskipta-hæfileikar
- Reynsla af þjónustustörfum er æskileg

- Góð tölvukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Stúdentspróf

Æskilegt er að sumarstarfsfólk geti unnið frá maí/júní og út ágúst. Óskað er eftir að ferilskrá og einkunnir fylgi umsókn. Öllum umsóknum skal skilað í gegnum vefsíðuna okkar. Umsóknarfrestur er til og með 29. febrúar 2024. Unnið er úr umsóknum jafnóðum svo við hvetjum áhugasöm til að sækja um sem fyrst. Öllum umsóknum verður svarað. <https://alfred.is/starf/sumarstoerf-a-landsbyggdinni>

Alþjóðafulltrúi

Háskólinn á Bifröst leitar að alþjóðafulltrúa í 50% starf. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur þekkingu og reynslu af alþjóðlegu samstarfi í háskólaumhverfinu og áhuga á uppbyggingu og þróun alþjóðlegra tengsla.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón við alþjóðlegum verkefnum og alþjóðlegu samstarfi.
- Samskipti við erlenda samstarfsháskóla og þáttaka í erlendum tengslanetum.
- Umsjón með og aðstoð við alþjóðlegum nemendaskiptum og samstarfi.
- Önnur tilfallandi verkefni á sviði alþjóðamála.
- Starfsmaður skal í störfum sínum fylgja reglugerð Háskólans á Bifröst, gæðahandbók skólans og

skriflegum tilskipunum og leiðbeiningum á hverjum tíma.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er kostur.
- Reynsla af alþjóðastarfi.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð skipulagsfærni.
- Mjög góð færni í íslensku og ensku, í ræðu og riti.

Með umsókn skal fylgja náms- og starfsferilsskrá, afrit af útskriftarskírteinum ásamt kynningarbréfi þar sem greint er frá ástæðu umsóknar og þeirri reynslu sem nýst getur í starfi. Umsóknarfrestur er til og með 3.mars 2024. Tekið er við umsóknum á alfred.is. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Við hvetjum alla einstaklinga, óháð kyni, til þess að sækja um. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og verður þeim svarað að ráðningu lokinni. Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Kasper Simo Kristensen, rannsókn- og skrifstofustjóri, kasper@bifrost.is. <https://alfred.is/starf/althjodafulltrui-1>

Húsvörður

Borgarbyggð auglýsir laust til umsóknar starf húsvörðar á skipulags- og umhverfissviði. Um er að ræða 100% starf frá 1. maí 2024. Leitað er eftir jákvæðum og drífandi einstaklingi í fjölbreytt og skemmtilegt starf við umsjón og viðhald fasteigna sveitarfélagsins. Húsvörður hefur yfirsýn yfir fasteignir í eigu sveitarfélagsins og fylgist með ástandi þeirra. Sér um almenna húsvörslu, daglegt viðhald og umsjón. Í starfsmannamálum eru gildin virðing, áreiðanleiki og metnaður höfð að leiðarljósi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón með fasteignum sveitarfélagsins í Borgarbyggð
- Fylgist með ástandi húsa, lóða og búnaðar stofnana og annast lagfæringar, viðhald og viðgerðir Smærra viðhald fasteigna, lóða, húsgagna og innréttinga
- Eftirlit og umsjón með snjómokstri og hálkueyðingu á lóðum stofnana
- Hefur eftirlit með aðgengismálum stofnana
- Önnur tilfallandi verkefni

- Gerð er krafa um iðnmenntun
- Meistaramenntun í iðn er kostur
- Reynsla og þekking á sambærilegum störfum er kostur
- Sveigjanleiki, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð samvinnu- og samskiptahæfni
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti

Fríðindi í starfi

- Sveigjanlegur vinnutími
- Stytting vinnuvikunnar
- Heilsustyrkur til starfsmanna

Menntunar- og hæfniskröfur

Áhugasamir einstaklingar af öllum kynjum eru hvattir til að sækja um. Launakjör eru samkvæmt gildandi samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Umsókn skal fylgja náms- og starfsferilsskrá. Umsókn fylgi einnig kynningarbréf. Öllum umsóknum verður svarað. Vinnutími: Dagvinna. Starfshlutfall: 100% Starfssvið: Skipulags- og umhverfissvið. Umsóknarfrestur er til og með: 8. mars 2024. Nánari upplýsingar veitir Guðni Rafn Ásgeirsson umsjónarmaður fasteigna gudni.asgeirsson@borgarbyggd.is <https://alfred.is/starf/husvoerdur-28>

Leiðbeinandi í sumarfrjóri

Borgarbyggð leitar að sjálfstæðum, hressum, ábyrgðarfullum og jákvæðum einstaklingum til að starfa í sumarfrjóri í Borgarbyggð sumarið 2024. Menntun sem nýtist í starfi og reynsla af störfum með börnum er mikill kostur og góð hæfni í mannlegum samskiptum nauðsynleg. Um er að ræða 100% starf. Ráðningartímabil er frá byrjun júní – lok ágúst. Í starfsmannamálum eru gildin virðing, áreiðanleiki og metnaður höfð að leiðarljósi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Leiðbeina börnum í leik og starfi
- Samvinna og samráð við börn og annað samstarfsfólk
- Aðstoð við skipulagningu á sumarfrjóri

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi.
- Áhugi á að vinna með börnum

- Frumkvæði, sveigjanleiki og sjálfstæði.
- Skipulögð og öguð vinnubrögð.
- Metnaður og dugnaður.
- Hreint sakavottorð
- Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvætt viðmót og framúrskarandi samstarfshæfni.

Fríðindi í starfi

- Heilsustyrkur til starfsmanna

Áhugasamir einstaklingar af öllum kynjum eru hvattir til að sækja um. Launakjör eru samkvæmt gildandi samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Umsókn skal fylgja náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum. Umsókn fylgi einnig kynningarbréf. Öllum umsóknum verður svarað. Vinnutími: Dagvinna. Starfshlutfall: 100% Starfssvið: Fjölskyldusvið. Umsóknarfrestur er til og með: 18. mars 2024. Nánari upplýsingar veitir Hugufrún Hulda Guðjónsdóttir forstöðukona Frístundar: hugrun.gudjonsdottir@borgarbyggd.is <https://alfred.is/starf/leidbeinandi-i-sumarfrjoeiri>

Umsjónaraðili í sumarfrjóri

Borgarbyggð leitar að sjálfstæðum, hressum, ábyrgðarfullum og jákvæðum einstaklingi yfir 20 ára til að hafa yfirumsjón með sumarfrjóri í Borgarbyggð sumarið 2024. Menntun sem nýtist í starfi og reynsla af störfum með börnum er mikill kostur og góð hæfni í mannlegum samskiptum nauðsynleg. Um er að ræða 100% starf. Ráðningartímabil er frá lok maí – lok ágúst. Í starfsmannamálum eru gildin virðing, áreiðanleiki og metnaður höfð að leiðarljósi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ber daglega ábyrgð á og sér um skipulagningu og umsjón yfir sumarfrístund.
- Tekur þátt í að skipuleggja og móta fjölbreytta dagskrá í samstarfi við forstöðumann og aðra samstarfsmenn.
- Hefur samskipti við foreldra og forráðafólk, sér um alla skráningu og utanumhald.
- Hefur samskipti við viðeigandi stofnanir og deildir sveitarfélagsins, auk yfirvalda, ef þörf krefur.
- Forgangsráðar, samræmir og setur starfsfólki sumarfrístundar fyrir verkefni og tekur þátt í störfum þeirra.
- Leiðbeinir starfsfólki um verklag og aðferðir og hefur eftirlit með að vel og rétt sé unnið. Gætir þess að ávallt liggi skýrt fyrir hvaða verkefnum starfsfólk á að sinna.
- Hefur frumkvæði að lausn verkefna á því sviði sem undir hann heyra og hann starfar að.

- Staðfestir vinnutíma starfsfólks og skilar til yfirmanna.
- Hjálpa börnum í sumarfrístund við að skipuleggja og framkvæma verkefni við hæfi.
- Aðstoða börn í matar- og kaffitímum.
- Gefa börnum tækifæri til að stunda heilsusamlega hreyfingu og þroskandi leiki jafnt úti sem inni.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi.
- Áhugi á að vinna með börnum og fjölskyldum þeirra.
- Frumkvæði og sjálfstæði.
- Skipulögð og öguð vinnubrögð.
- Metnaður og dugnaður.
- Hreint sakavottorð
- Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvætt viðmót og framúrskarandi samstarfshæfni.

Fríðindi í starfi

- Heilsustyrkur til starfsmanna

Áhugasamir einstaklingar af öllum kynjum eru hvattir til að sækja um. Launakjör eru samkvæmt gildandi samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Umsókn skal fylgja náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum. Umsókn fylgi einnig kynningarbréf. Öllum umsóknum verður svarað. Vinnutími: Dagvinna. Starfshlutfall: 100% Starfssvið: Fjölskyldusvið. Umsóknarfrestur er til og með: 18. mars 2024. Nánari upplýsingar veitir Hugufrún Hulda Guðjónsdóttir forstöðukona Frístundar: hugrun.gudjonsdottir@borgarbyggd.is <https://alfred.is/starf/umsjonaradili-i-sumarfrjoeiri>

Bílstjóri/Driver Into the Glacier

Into the Glacier leitar af bílstjórum. Starfið felst í sér að sjá um að keyra ferðamenn sem koma í ferðir hjá Into the Glacier upp á Langjökul og tilfallandi verkefni. Trukkarnir sem eru notaðir í þessar ferðir eru 8x8 Man Trucks. Into the Glacier er vaxandi fyrirtæki í ferðaþjónustu með starfsstöð bæði í Reykjavík og Húsafelli. Félagið starfrækir ísgöngin á Langjökli og er með daglegar ferðir þangað allt árið um kring. Hjá fyrirtækinu starfar þéttur hópur af hæfileikaríku fólki sem tekst á við margskonar verkefni á næststærsta jökli Íslands. Starfið hentar bæði fólki sem býr á Vesturlandi sem og á höfuðborgarsvæðinu þar sem ferðir eru til og frá starfsstöð daglega. Starfsmönnum er einnig boðið að gista í starfsmannahúsum í Húsafelli í vaktalotum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Keyra ferðir
- Tilfallandi verkefni

- Enskumælandi
- Skyndihjálpanámskeið
- Meirapróf (D-próf)

Menntunar- og hæfniskröfur

Umsóknarfrestur til 08.03.2024. <https://alfred.is/starf/bilstjori-driver-into-the-glacier-3>

Verkefnastjóri á fjármála- og stjórnsýslusviði

Borgarbyggð leitar eftir drifandi einstaklingi í stöðu verkefnastjóra á fjármála- og stjórnsýslusviði, sem er mikilvægt stoðsvið og vinnur þvert á öll svið sveitarfélagsins. Hlutverk verkefnastjóra er rekstur gæðakerfis, teymisvinna við gerð verkferla innan sveitarfélagsins og setningu mælanlegra markmiða, launavinnsla þ.e. skráning og yfirferð launa- og ráðningargagna, skjalavinnsla. Um 100% starf er að ræða. Starfið er tíma- bundið til eins árs með möguleika á áframhaldi og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Verkefnastjórnun
- Rekstur gæðakerfis
- Ferlagreining- og endurskoðun ferla þvert á svið og deildir
- Umsjón með jafnlaunakerfi og jafnlaunavottun
- Launavinnsla
- Skjalavinnsla
- Greiningar og tölfræði úttektir

- Reynsla og þekking á opinberri stjórnsýslu, fjármálum sveitarfélaga, gæða- og launamálum er kostur
- Framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfni
- Góð almenn tölverkunáttá og færni í framsetningu tölulegra gagna
- Gott vald á íslenskri tungu í mæltu og rituðu máli
- Færni til að tileinka sér nýja þekkingu og færni
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. á sviði viðskipta, lögfræði eða fjármála, framhaldsmenntun er kostur

Fríðindi í starfi

- Sveigjanlegur vinnutími
- Stytting vinnuvikunnar
- Heilsustyrkur til starfsmanna

Áhugasamir einstaklingar af öllum kynjum eru hvattir til að sækja um. Launakjör eru samkvæmt gildandi samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Umsókn skal fylgja náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinu. Umsókn fylgi einnig kynningarbréf. Öllum umsóknum verður svarað. Vinnutími: Dagvinna. Starfshlutfall: 100% Starfssvið: Fjármála- og stjórnsýslusvið Umsóknarfrestur er til og með: 1. mars 2024. Nánari upplýsingar veitir Lilja Björg Ágústsdóttir sviðsstjóri netfang: lilja.agustsdottir@borgarbyggd.is <https://alfred.is/starf/verkefnastjori-a-fjarmala-og-stjornsyslusvidi>

Borgarnes - sumar 2024

Vínbúðin Borgarnesi óskar eftir starfsfólki í sumarafleysingar. Við leitum að jákvæðum, glaðlyndum og þjónustuliprum einstaklingum sem eru tilbúnir að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Jákvæðni og góð þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur

Starfshlutfall er breytilegt eftir þörfum. Umsækjandi skal hafa náð 20 ára aldri. Sakavottorðs er krafist. Öll áhugasöm eru hvött til að sækja um starfið á vinbudin.is. Nánari upplýsingar veitir Harpa Sif Þráinsdóttir - akranes@vinbudin.is - 560 7861. Umsóknarfrestur til 11.03.2024. <https://alfred.is/starf/borgarnes-sumar-2024>

Aðstoðarmaður í plöntukynbótum/Assistant breeder for barley and wheat

Viltu taka þátt í að kynbæta korn fyrir íslenskar aðstæður? Laust er til umsóknar starf aðstoðarmanns í korn-tilraunum hjá deild Ræktunar og fæðu við Landbúnaðarháskóla Íslands. Um er að ræða nýtt kynbótaverkefni sem fjármagnað er af matvælaráðuneytinu. Við leitum að aðstoðarmanni í rannsóknum til þess að leggja út jarðræktartilraunir fyrir kynbótaefnivið í tveggja þrepa kynbótaverkefni. Verkefnið er unnið við Lbhí á Hvanneyri en leggja þarf út tilraunir víða um land. Aðstoðarmaðurinn ber ábyrgð á svipgerðargreiningum á byggi og hveiti og vinnur náið með kynbótafræðingi verkefnisins. Kynbótaverkefnið er hýst af Lbhí og því býður staðan uppá samstarf í rannsóknaverkefnum sem tengjast verkefninu beint.

Plöntukynbótaverkefnið Vala

Íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að fjármagna kynbætur á byggi og hveiti fyrir íslenskar aðstæður. Verkefnið kemur í kjölfar aðgerðaráætlunar um aukna kornrækt á Íslandi. Markmiðið er að auka sjálfsnægt Íslands í korni og bæta þannig fæðuöryggi. Kynbótaverkefnið Vala er tveggja þrepa kynbótaverkefni þar sem svipgerðargreiningar frá innlendum korn-tilraunum eru notaðar til þess að spá fyrir kynbótaeinkunum einstaklinga með erfðagreiningum. Gögnum er safnað af erlendum samstarfsaðilum og kynbótaeinkunn er reiknuð af kynbótafræðingi verkefnisins.

Helstu verkefni og ábyrgð

Undirbúningur sáðvöru og hönnun tilrauna í dreifðum tilraunum. Söfnun og meðhöndlun gagna fyrir mikilvæga eiginleika meðan á vaxtartímabili stendur, uppskera reiti og vinna úr og greina sýni. Umsjón með eftirfylgni á tilraunastöðum á vaxtartímabili og söfnun gagna um jarðræktareiginleika og plöntusjúkdómseinkenni. Útreikningur og greining á niðurstöðum hverrar tilraunar fyrir kynbótaverkefnið og fyrir hagamála þegar það á við. Þróun og innleiðing sáningu tilrauna með GPS kerfi. Þátttaka í öðrum verkefnum og skyldum samkvæmt verkefnastjórn

Hæfniskröfur

- BSc gráða í búvísindum, líffræði eða skyldum greinum. Msc gráða æskileg
- Tölfræðileg þekking og skilningur á líkönum sem notuð eru í jarðræktartilraunum
- Grunnþekking í forritun í R, Python eða öðrum viðeigandi tölfræðiforritum
- Leyfi til notkunar varnarefna æskileg
- Vinnuvélaréttindi æskileg
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Vera áreiðanlegur meðlimur í teymi sem og geta til að vinna sjálfstætt
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvætt viðhorf og frumkvæði

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert. Starfshlutfall er 100% Umsóknarfrestur er til og með 08.03.2024 Nánari upplýsingar veitir Hrannar Smári Hilmarsson, hrannar@lbhi.is Sími: 433 5000 og Guðmunda Smáradóttir, guðmunda@lbhi.is Sími: 433 5000 <https://island.is/starfatorg/x-36561>

Áhugaverð tæknistörf við framkvæmdir á Vestursvæði

Hefur þú áhuga á því að hanna og undirbúa stórar sem smáar vegaframkvæmdir eða brennur þú fyrir framkvæmdum? Við leitum að nýjum liðsmönnum í öflug teymi Vestursvæðis með möguleika á starfsstöð á svæðismiðstöðinni í Borgarnesi eða á Ísafirði. Teymin hafa umsjón og eftirlit með framkvæmdum í vegagerð. Störfin fela í sér ferðalög og þurfa umsækjendur að vera tilbúnir til að sinna verkefnum á starfssvæðinu öllu, sem nær um Vesturland og Vestfirði.

Helstu verkefni og ábyrgð

Tæknideild sér um hönnun og undirbúning þeirra verka sem tilheyra svæðinu ásamt skipulagsmálum og umferðaröryggismálum.

- Hönnun og undirbúningur viðhalds- og nýframkvæmda
- Gerð útboðs- og verklýsinga
- Umsjón með hönnun og undirbúningi
- Mælingar tengdar framkvæmdum og undirbúningi verka

Umsjónardeild hefur umsjón og eftirlit með þeim framkvæmdum sem tilheyra svæðinu ásamt viðhaldi bundinna slitlaga, styrkingar og endurbætur ásamt efnisvinnslu.

- Umsjón og eftirlit með nýframkvæmdum og viðhaldi vega á öllu Vestursvæði

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður, stærsta framkvæmdastofnun landsins með gríðarlega fjölbreytta verkefnaflóru. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum um starfið verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Nánari upplýsingar veita: Dagný Ósk Halldórsdóttir, deildarstjóri umsjónardeildar - dagny.o.halldorsdottir@vegagerdin.is – 5221000 Birgitta Rán Ásgeirsdóttir, deildarstjóri tæknideildar – birgitta.r.asgeirsdottir@vegagerdin.is – 5221000 og Pálmi Þór Sævarsson, svæðisstjóri Vestursvæðis – palmi.th.saevarsson@vegagerdin.is – 5221000 Umsóknarfrestur til 13.03.2024. <https://alfred.is/starf/ahugaverd-ta-eknistoerf-vid-framkvaemdir-a-vestursvaedi>

Vélamaður Borgarnes

Vegagerðin auglýsir laust starf vélamanns á þjónustustöðinni í Borgarnesi

Helstu verkefni og ábyrgð

- Viðhald, þjónusta og nýbyggingar vega á starfssvæði Vegagerðarinnar í Borgarnesi
- Ýmis vinna í starfsstöð

Menntunar- og hæfniskröfur

- Almenn ökuréttindi
- Vinnuvélaréttindi æskileg
- Meirapróf æskilegt

- Rýni útboðsgagna í nýframkvæmdum
- Skýrslugerð tengd framkvæmdum og viðhaldi
- Mælingar tengdar framkvæmdum og undirbúningi verka

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun eða starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Verk- eða tæknimenntun æskileg
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hóp
- Góðir samstarfshæfileikar og þjónustulund
- Gott vald á íslensku og ensku
- Öryggisvitund

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður, stærsta framkvæmdastofnun landsins með gríðarlega fjölbreytta verkefnaflóru. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Í umsókninni komi fram upplýsingar um fyrri störf og upplýsingar um þær hæfniskröfur sem óskað er eftir. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Starfshlutfall er 100% Nánari upplýsingar veitir Pétur Björnsson Guðmundsson, yfirverkstjóri - petur.bjornsson.gudmundsson@vegagerdin.is – 5221000 Umsóknarfrestur til 04.03.2024. <https://alfred.is/starf/velamadur-borgarnes>

Húsafell Chef Hotel Restaurant/Bistro chefs and Pizza chefs

Hótel Húsafell is hiring for end of february 2024 a chef for the Hotel and for the upcoming summer season starting May and June 2024 a Chefs and Pizza chefs for our Bistro and we are looking for motivated and ambitious people for our hotel Kitchen and can offer what many hospitality professionals dream of, we work on shifts, 7 days on and 7 days off and a real sense of pride in work well done. We look for talent who share a common goal - people who, by nature, believe in treating others as we would have them treat us.

Main tasks and responsibilities

- Running your own station in the Kitchen
 - Cooking and service of food according to the restaurant's quality and service standards.
 - Ensuring high levels of kitchen team performance.
 - Contributing to creating a harmonious environment amongst all staff within the restaurant.
 - Demonstrates an ability to produce a high volume of work in a timely manner, which is of a high standard.
 - Has ability to effectively present information and respond to questions from managers and colleagues. Comes to work when rostered, is punctual and sets a good example of character and ethic.
 - Interacts positively, respectfully, and professionally with supervisors, co-workers, and members of the public.
- Ability to supervise, demonstrate and expedite in various kitchen production areas
 - A good understanding and practical knowledge of cooking French, Japanese and Icelandic cuisine would be beneficial
 - Demonstrate a clear understanding of managing your own station
 - Working knowledge of Food Safety and HACCP
 - Icelandic Kennitala would be beneficial
 - Oral understanding of English
 - A team player

Job benefits

- Housing is offered close to the Hotel
- Staff food is offered on working days lunch and dinner
- Joining a kitchen team with a positive atmosphere
- Food education is offered in seminars at the hotel which is done by the head chef
- The Usage of the Hotel facilities (Golf course, Geothermal Pools, Canyon baths, outdoor activities)

Educational and skill requirements

- 3 Years of Previous experience in multiple culinary / F&B department

Application deadline: 3rd of March 2024. <https://alfred.is/starf/husafell-chef-hotel-restaurant-bistro-chefs-and-pizza-chefs>

Sumarstörf við Landbúnaðarháskóla Íslands

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur opnað fyrir umsóknir um sumarstörf. Starfstímabilið er frá 15. maí til og með 15. ágúst 2024. Um er að ræða útistörf.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umhirða útisvæða
- Viðhald fasteigna og/eða annarra innviða
- Almenn garðyrkjustörf, s.s. grassláttur, beðahreinsun, gróðursetning, vélavinna ásamt öðru tilfallandi sem tilheyrir garðyrkju
- Umsjón með ungmennum í vinnuskóla Borgarbyggðar

Hæfniskröfur

- Umsækjendur skulu vera fæddir 2006 eða fyrr (18 ára og eldri)
- Bílpróf
- Vinnuvélaréttindi
- Reynsla af umhirðu útisvæða og/eða garðyrkjustörfum
- Stundvísi og samviseki

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert. Starfshlutfall er 100% Umsóknarfrestur er til og með 22.03.2024 Nánari upplýsingar veitir Guðmunda Smáradóttir, gudmunda@lbhi.is Sími: 433 5000 og Kristín Theodóra Ragnarsdóttir, theodora@lbhi.is Sími: 433 5000 <https://island.is/starfatorg/x-36768>

Snæfellsbær

Sumarafleysingar á Dvalar-og hjúkrunarheimilinu Jaðri

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar auglýsir eftir sumarafleysingar í eftirfarandi störf:

- Sjúkraliðar og ófaglært fólk í almenna aðhlyningu
- Ræstingar og þvottahús
- Matráð og aðstoð í eldhúsi
- Hjúkrunarfræðing og sjúkraliða með umsjón með hjúkrun-og lyfjamál.

Á Jaðri eru 16 hjúkrunarrými og 2 dvalarrými. Heimilið var stækkað árið 2011 og er aðstaða íbúa og starfsmanna mjög góð. Umsóknir skulu berast í gegnum umsóknarvef Snæfellsbæjar

Helstu verkefni og ábyrgð: Almenn aðhlyning, ræstingar, matráður o.fl. Umsóknarfrestur til 09.04.2024.

<https://alfred.is/starf/sumarafleysingar-a-dvalar-og-hjukrunarheimilinu-jadri>



Hjúkrunarfræðingur

Dvalar-og hjúkrunarheimilið Jaðar auglýsir eftir hjúkrunarfræðingi til starfa. Um er að ræða 80-100% staða. Um framtíðarstarf er að ræða.

Á Jaðri eru 16 hjúkrunarrými og 2 dvalarrými. Heimilið var stækkað árið 2011 og er aðstaða íbúa og starfsmanna mjög góð.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón og skipulag með hjúkrunarstarfi
- Fagleg ábyrgð á hjúkrunarstarfi

Menntunar- og hæfniskröfur

- Íslenskt hjúkrunarleyfi skilyrði
- Góð íslenskukunnátta skilyrði
- Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, jákvæðni og góða samskiptahæfn
- Frumkvæði og faglegur metnaður í starfi

Fríðindi í starfi

- Starfsfólk hjá Snæfellsbæ á rétt á 25.000 kr. líkamsræktarstyrk ár hverju ári

Laun skv. kjarasamningi FÍH og sveitarfélaga. Aðstoð við útveggun húsnæðis stendur til boða.

Hafið samband við Sigrúnu Erlu, forstöðumann, í síma 865 1525 fyrir frekari upplýsingar.

Sótt er um starfið á [Alfred.is](https://alfred.is).

Grundarfjörður

DVALAR OG HJÚKRUNARHEIMILIÐ



Starfsfólk óskast til sumarafleysinga.

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Fellaskjól í Grundarfirði auglýsir eftir sjúkraliðum/almennum starfsmönnum í umönnun í sumar. Um er að ræða vaktavinnu.

Á Fellaskjólum eru 12 hjúkrunarrými. Heimilið býður uppá góða aðstöðu fyrir bæði íbúa og starfsfólk og stuðlar að góðum starfsanda. Öll kyn eru velkomin til þess að sækja um störf hjá Fellaskjólum.

Gerð er krafa um:

- Góða hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhuga á samskiptum við íbúa og umönnun aldraðra
- Íslensku kunnáttu

Frekari upplýsingar veitir
Patricia Laugesen, forstöðumaður Fellaskjól
í netfanginu fellaskjol@simet.is

Atvinna í boði

Byggingarvinna

Starfsfólk vantar í byggingarvinnu
í Grundarfirði

Upplýsingar
í síma 840-6100



Atvinna í boði

Þrif

Starfsfólk vantar í þrif
í Kirkjufell Guesthouse Grund

Upplýsingar
í síma 840-6100



Stykkishólmur

Sumarafleysing - Starfsmaður í ræstingu HVE Stykkishólmi

Heilbrigðisstofnun Vesturlands óskar eftir að ráða starfskraft í sumarafleysingu í ræstingu HVE Stykkishólmi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Almenn ræsting ásamt tilfallandi verkefnum á HVE Stykkishólmi.
- Menntunar- og hæfniskröfur
- Umsækjendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri.
- Samvirkusemi og góðir samstarfshæfileikar.
- Íslenskukunnátta er skilyrði.

Sækja skal um á starfatorg.is Umsókn skal fylgja upplýsingar um menntun og fyrri störf. Starfshlutfall er 70-100% Umsóknarfrestur til 04.04.2024. <https://alfred.is/starf/sumarafleysing-starfsmadur-i-raestingu-hve-stykkisholmi>

Lyfja Stykkishólmi - Sala og þjónusta, sumarstarf

Viltu taka vaktin í sumar? Við leitum að sumarstarfsmanni við sölu og afgreiðslu. Starfið felst í almennum afgreiðslustörfum og ráðleggingum til viðskiptavinum okkar um kaup á vörum verslunarinnar.

Um er að ræða skemmtilegt og fjölbreytt starf á líflegum vinnustað þar sem í boði eru samkeppnishæf laun og gott vinnuumhverfi.

Helstu verkefni

- Almenn afgreiðslustörf
- Ráðgjöf til viðskiptavina um val á vörum
- Afgreiðsla á kassa
- Afhending lyfja gegn lyfseðli
- Afgreiðsla á lausasölulyfjum og ráðgjöf um val og notkun þeirra

Hæfniskröfur

- Rík þjónustulund
- Áhugi á mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og gott viðmót
- Geta til að starfa undir álagi
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur
- Reynsla af störfum í apóteki er kostur

Vinnutími er frá 12-18 á virkum dögum og æskilegt er að viðkomandi hafi náð 20 ára aldri. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 1. júní 2024. Nánari upplýsingar um starfið veitir Bjarne Omar Nielsen, lyfsali Lyfju Stykkishólmi, sími 438 1141 | bjarne@lyfja.is Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. <https://alfred.is/starf/lyfja-stykkisholmi-sala-og-thjonusta-sumarstarf>

Dalabyggð og Reykhólar

Starfsfólk við löndun

Þörungaverksmiðjan óskar eftir að ráða fólk til löndunar á þangi. Starfið felur í sér að vinna á bryggju og í lest á skipi við löndun á þangpokum, þar sem þarf að húkka í, hreinsa og pakka þangpokum sem verið er að landa. Þangið er síðan þurrkað og malað í verksmiðju félagsins. Bæði er vöntun á vélamönnum og verkamönnum. Almenn er landað á virkum dögum á dagvinnutíma en það kemur fyrir að byrja þurfi snemma morguns að landa og stundum að það þurfi að vinna fram á kvöld. Í löndun er bæði krani og dráttarvél með vagn, og einnig starfsmenn sem vinna á bryggju og í lest skipsins. Laun eru greidd eftir kjarasamningi Þörungaverksmiðjunnar við Verkalýðsfélag Vestfirðinga. Verksmiðjan getur útvegað húsnæði. Hafið gjarnan samband við Véstein eða Viktor, vesteinn@thorverk.is og viktor@thorverk.is.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Vinna á bryggju og lest
- Hrista netapoka
- Pakka netapokum
- Þrif og frágangur

Menntunar- og hæfniskröfur

- 18 ára og eldri
- Öryggisvitund

- Geta unnið vel í hóp
- Góð heilsa
- Geta talað/skilið íslensku eða ensku
- Vinnuvélaréttindi eru kostur

Fríðindi í starfi

- Verksmiðjan getur útvegað húsnæði án endurgjalds
- Hlíðarfatnaður og persónuhlífar við vinnu

Verksmiðjan gengur allan sólahringinn og framleiðir úrvals mjög í þangi og þara sem er selt út um allan heim. Starfsmenn þurfa að hafa góða öryggisvitund og vera viljugir að taka þátt í því öryggisstarfi sem fer fram í Þörungaverksmiðjunni. Reykhólar er lítið þorp við norðanverðan Breiðafjörð, á svæðinu er leik- og grunnskóli, sundlaug, verslun og veitingastaður. Þörungaverksmiðjan er 40 ára rötgróið fyrirtæki sem sækir þang og þara í Breiðafjörð allan ársins hring. Öryggis og umhverfismál eru mikilvæg í starfi verksmiðjunnar. Í dag starfa á bilinu 20-30 manns í fjölbreyttum störfum við verksmiðjuna. Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starf í góðu og öruggu vinnuumhverfi Þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum. Um tíma-bundið starf er að ræða en möguleiki er þó á framtíðarstarfi. Umsóknarfrestur til 21.03.2024.

<https://alfred.is/starf/starfsfolk-vid-loendun-4>

Staða matráðs við Mötuneyti Reykhólahrepps

Reykhólahreppur auglýsir lausa stöðu matráðs við Mötuneyti Reykhólahrepps frá og með 1. mars 2024. Mötuneyti Reykhólahrepps er samrekið mötuneyti Reykhólaskóla og Hjúkrunarheimilisins Barmahlíðar. Matráður hefur umsjón með elhúsi og starfsfólki þess. Sér um að útbúin sé hollur og fjölbreyttur matur fyrir skólabörn, íbúa Barmahlíðar og starfsfólk í samræmi við markmið Lýðheilsustöð og stefnu Reykhólaskóla og Barmahlíðar. Vinnur í nánú samstarfi við stjórnendur Reykhólaskóla og Barmahlíðar.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Útbýr morgunmat, millimál, hádegisverð og léttan kvöldverð.
- Hefur mannaforráð og umsjón með skipulagi starfs og verkstjórn í mötuneyti
- Hefur umsjón með þrifum á matsal og í mötuneyti.
- Sér um innkaup á matvöru, áhöldum og tækjum í mötuneyti.
- Skipuleggur matseðla, allt að mánuð fram í tímann.
- Ber ábyrgð á fjármunum og aðstoðar við gerð fjárhagsáætlunar.

- Menntun í matargerð er kostur.
- Krafa um mikla reynslu á sviði matargerðar.
- Reynsla af starfi með börnum er kostur.
- Reynsla af starfi á hjúkrunarheimili er kostur.
- Góð íslenskukunnátta skilyrði
- Góð mannleg samskipti.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Hefur ánægju af því að vinna með börnum, unglingum og öldruðum.

Umsóknarfrestur til 15.03.2024. <https://alfred.is/starf/stada-matrads-vid-moetuneyti-reykholahrepps>

Starfsmaður við heimaþjónustu

Starfsmann vantar hjá félagsþjónustu Dalabyggðar við heimaþjónustu.

Í félagslegri heimaþjónustu er veitt aðstoð við þrif, heimilisstörf og/eða félagslegur stuðningur til að gera viðkomandi kleift að búa á eigin heimili við sem eðlilegastar aðstæður.

Umsækjandi þarf að vera stundvís, áreiðanlegur, heiðarlegur og hafa góða samskiptahæfileika. Öll eldri en 17 ára (með bílpróf) hvött til að sækja um.

Frekari upplýsingar gefur Sigríður í síma 839 1400 á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 10–12.

Einnig er hægt að senda fyrirspurn á netfangið heima.tjonusta@dalir.is.

Sett inn 14.02.2024

Jóel Bæring Jónsson

Sveitastarf - Working on a farm

Sveitastarf á mjólkurbúi í Dalabyggð.

Starfið felst í eftirfarandi verkefnum:

- Umhirðu dýra, að mjólka kúr og sinna kálfum og nautum.
- Fóðrun dýra (á litlum traktor).
- Þrif.
- Hafa umsjón með mjalta róbót og sjá um að öll tæki séu í góðu ásigkomulagi.

Um fullt starf er að ræða. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður í vinnubrögðum og áreiðanlegur.

Vinnutími er 170 tímar á mánuði.

Laun skv. kjarasamningi Bændasamtaka Íslands og Starfsgreinasambands Íslands.

Fæði og húsnæði í boði.

Vinsamlegast sendið umsókn ásamt ferilskrá á netfangið: joel.bjonsson@gmail.com.

Umsóknarfrestur er til og með 29.02.24.

Seeking a farm worker in a dairy farm in Dalabyggð.

The job includes:

- Taking care of animals: milking cows, calves and bulls.
- Feeding (with small tractor).
- Cleaning.
- Controlling milking robot and keeping everything in good condition.

100% job. Worker has to be responsible and independent.

Working hours are 170 per month.

Salary according to the collective agreement between Bændasamtök Íslands and Starfsgreinasamband Íslands.

Food and accommodation are provided.

Nánari upplýsingar / Further information Jóel Bæring Jónsson by email: joel.bjonsson@gmail.com

Umsóknarfrestur er til og með 29.02.24.

Umsóknarfrestur

29.02.2024

Mosfellsbær: Auglýst á vef Mosfellsbæjar

Auglýst á www.alfred.is

Auglýst á www.vmst.is

Auglýst á <https://www.mbl.is/atvinna/>

Auglýst á www.tvinna.is

Auglýst á [Hagvangs - 50skills](#)

Auglýst á www.job.is

Auglýst á www.storf.is

Auglýst á www.starfatorg.is

Auglýst á www.intellecta.is

Laus störf á Vesturlandi hjá ríkinu má sjá hér: [Stjórnarráðið](#) | [Starfatorg - laus störf hjá ríkinu](#) (stjornarradid.is)